
SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2026

5. og 6. nóvember í Hörpu



Forskotið fylgir fiskinum!

Arion banki · BRIM · HAMPIÐJAN · Háskólinn í Reykjavík · ISI Iceland Seafood · iTUB · JBT Marel · Pipar\TBWA · TM

Silfurberg A

FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER

10.00 Forskotið fylgir fiskinum! – Auðlindin skapar tækifærin – reynsla, þekking og nýsköpun skapa forskotið
Opnun
Afhending hvatningarverðlauna
Ávarp atvinnuvegaráðherra
Forskot til hvers?
Hugleiðingar um útflutning á óunnum fiski
Pallborðsumræður

12.00 Hádegishlé – hádegisverður í boði

13.00 Rétturinn til að semja um fiskinn
Íslenskir fiskveiðisamningar og hafréttarsamningur SÞ
Samningar um makríl, uppsjávartegundir, hver er staðan hér?
Hvaða fiskistofnar teljast aðeins vera innan íslenskrar efnahagslögsögu?
EU fisheries and coastal state negotiations
Umræður

14:45 Kaffihlé

15:15 Óunnið úr landi?
Hvar liggja verðmætin í auðlindinni okkar?
Viljum við selja hráefni eða afurðir
Orðsporsáhætta og samkeppnishæfni vegna útflutnings á óunnum afla
Viðskiptasamningar og tollar – tækifæri fyrir íslenskar sjávarafurðir
Umræður

17.00 Móttaka í boði Arion banka

FÖSTUDAGUR 6. NÓVEMBER

10.00 Hliðarstraumar
Kolmunni á disk: sóknarfæri í verðmætasköpun
Vannýttar tegundir og hliðarafurðir
Frá fullnýtingu til snjallnýtingar: Næsta stig verðmætasköpunar
The BioProtect Marine Planner
Umræður

11.45 Hádegishlé – hádegisverður í boði

12.15 Hugverk og hugverkaréttur í sjávarútvegi, lykill að árangri?
Nýsköpunarhringrásin
Haf, hugarfar og hugvit
Tiger Teams: From Full Utilization to Global Champions
Fjórar stoðir – eitt markmið
Nýsköpun sem drifkraftur verðmætasköpunar
Einkaleyfi sem sprottið hafa úr íslenskum sjávarútvegi
Stofnandi / sprotafyrirtæki
Umræður

14:00 Kaffihlé

14.15 Samantekt
Bergur Ebbi og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,

15.15 Gleðistund í boði Ölgerðarinnar
Skálum fyrir Sjávarútvegsráðstefnunni 2026

Silfurberg B

FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER

10.00 Forskotið fylgir fiskinum! – Auðlindin skapar tækifærin – reynsla, þekking og nýsköpun skapa forskotið

12.00 Hádegishlé – hádegisverður í boði

13.00 Að stækka kökuna – Rannsóknir sem drifkraftur nýrra verðmæta
Samstarf – hvar stöndum við og hvert stefnum við?
Hvað þarf til að stækka kökuna til framtíðar?
Frá rannsóknum til skráðra lækningavara á markaði
Að varðveita verðmætin
Sjávarútvegur og samfélag – samspil atvinnulífs og byggða
Umræður

14:45 Kaffihlé

15:15 Spilum við í sama liði?
Ný kynslóð, ný ásýnd?
Að stíga ungur inn í leiðtogahlutverkið
Sömu mið – ný kynslóð, tækifæri og áskoranir við kynslóðaskipti
Samstarfið sem kom íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð
Umræður

17.00 Móttaka í boði Arion banka

FÖSTUDAGUR 6. NÓVEMBER

10.00 Hvað er verið að rekja?
Hvar verða gögnin til?
Frá kröfu til samkeppnisforskots
Gagnsæi í íslenskri fiskveiðistjórn
Transparency in a global context
Umræður

11.45 Hádegishlé – hádegisverður í boði

12.15 Sala, markaðssetning og dreifing sjávarafurða
Opnun málstofu
Winning in the US seafood market: What it takes for Icelandic fish to be chosen
Staðan í Asíu
Þorskurinn í þáttaskilum: Hver fær verðmætaaukninguna?
Íslenskur lax og alþjóðlegir markaðsstraumar
Umræður

14:00 Kaffihlé

Þinn árangur
Arion



Allt fyrir fjármálastjórann

Við erum með lausnir fyrir þinn rekstur



Karl Hjálmarsson, formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar


Ávarp formanns

Sjávarútvegsráðstefnan er nú haldin í 14. sinn en hún var fyrst haldin á Grand hótel árið 2010. Það má með sanni segja að ráðstefnan hafi fest sig í sessi og sé orðin fastur punktur í tilveru ansi margra fyrstu vikuna í nóvember á ári hverju, enda frábær vettvangur fyrir greinina.

Hugmynd og tilgangur ráðstefnunnar er að vera hlutlaus og faglegur vettvangur fyrir alla sem tengjast sjávarútvegi á Íslandi. Sjávarútvegsráðstefnan snýst ekki um hagsmunagæslu einstakra hópa heldur um að leiða saman ólík sjónarmið, miðla þekkingu og ræða mikilvæg málefni sjávarútvegsins. Þar gefst fólki tækifæri til að koma málum á framfæri, fræðast og skiptast á skoðunum þvert á greinina. Það er dýrmætt fyrir sjávarútveginn að eiga slíkan vettvang þar sem ólík sjónarmið fá að heyrast. Vonin er að sú umræða leiði til nýrra hugmynda og verði hvatning til góðra verka.

Sú hefð hefur skapast að ráðstefna hvers árs hefur sína yfirskrift sem myndar rauðan þráð í málstofum og efnistökum ráðstefnunnar. Yfirskriftin í ár er „**Forskotið felst í fiskinum!**" en á einfaldri íslensku þýðir það að „Sá sem fær fiskinn, fær líka forskotið" eitthvað sem okkur Íslendingum ætti að vera að fullu ljóst enda höfum við náð miklum árangri á flestum þeim sviðum sem tengjast sjávarútvegi þar sem fiskurinn hefur verið okkar. Það hlýtur því að vera umhugsunarefni hvort við séum tilbúin að gefa það forskot eftir til annarra með stórauknum útflutningi á óunnu hráefni eða hvort við ætlum að halda áfram að spila í efstu deild eins og hingað til. Annað kemur eiginlega ekki til greina og því til mikils að vinna að við gerum umhverfið eins samkeppnisvænt og hægt er og fórnum ekki langtíma hagsmunum fyrir skammtímagróða og skyndikynni. Við getum ekki fært öðrum forskotið með því að flytja það út. Að því þurfa allir hlutaðeigandi aðilar að koma og hvar er betri vettvangur til þess að taka samtalið um þá framtíðarvinnu sem fram þarf að fara en einmitt á Sjávarútvegsráðstefnunni.

Missum ekki niður forskotið, aukum það.



Stjórn ráðstefnunnar 2026
Anna Kristín Daníelsdóttir,
Benedikt Bergmann Arason,
Friðrik Friðriksson,
Jóna Brynja Birkisdóttir,
Jón Örn Stefánsson,
Karl Hjálmarsson.

Sjálfbær framtíð hefst með sterkum lausnum




www.itub-rental.com

saeplast®
SAEPLAST.COM

iTUB®

Forskotið fylgir fiskinum!

Auðlindin skapar tækifærin – reynsla, þekking og nýsköpun skapa forskotið



Sú hefð hefur skapast að ráðstefna hvers árs hefur sína megin yfirskrift sem myndar rauðan þráð í málstofum. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er „**Forskotið fylgir fiskinum!** Auðlindin skapar tækifærin – reynsla, þekking og nýsköpun skapa forskotið."

Opnunarmálstofan setur tóninn fyrir ráðstefnuna með lifandi samtali um leiðina fram á við þar sem sjónarmið stjórnvalda, atvinnulífs og virkt samspil við gesti ráðstefnunnar mætast.

Þar verður fjallað um hvernig skapa má sameiginlega stefnu og framtíðarsýn sem byggir á trausti, gagnsæi og sátt milli þjóðar og atvinnugreinar. Breytt rekstrarumhverfi og alþjóðleg samkeppni kalla á að við skoðum hvernig tryggja megi jafnvægi milli þjóðarhagsmuna og samkeppnishæfni greinarinnar. Hvernig nýtum við þjóðarauðlindina á sjálfbæran hátt, tryggjum nýsköpun og verðmætasköpun innanlands og verjum um leið störf og lífsgæði í sjávarbyggðum?

Við undirbúning ráðstefnunnar í ár hefur tekist vel að halda yfirskriftinni sem þræði í gegnum málstofur og búast má við þéttri dagskrá og líflegum erindum í þeim átta málstofum sem faghópar hafa sett saman. Von er að viðfangsefnin muni fræða, vekja til umhugsunar, hvetja til hugmynda, úrlausna og samstarfs allra hagaðila íslensks sjávarútvegs.

Til að halda utan um yfirskrift ráðstefnunnar verður samantektarmálstofa í lok ráðstefnunnar sem verður í höndum Bergs Ebba Benediktssonar. Þar verður dregið saman það markverðasta og helsti lærdómurinn sem draga má af ráðstefnunni og reynt að varpa ljósi á það sem styrkir greinina inn í framtíðina.

Auðlindin, nýting og veiðar

Tvær málstofur verða haldnar um auðlindina, nýtingu hennar og veiðar: Rétturinn til að semja um fiskinn og Hvað er verið að rekja?

Rétturinn til að semja um fiskinn

Farið verður yfir hver sé samningsréttur strandríkja um fiskistofna sem synda á milli lögsagna og virða engin landamæri. Um hvaða fiskistofna er verið semja og er hægt að segja að einhver fiskistofn sé bara íslenskur? Kynnt verður hvaða leikreglur gilda og hvernig staðan er fyrir samtök að standa innan ESB og horfa á þetta samningssvið sjávarútvegs.

Hvað er verið að rekja?

Farið verður yfir sviðið með kastljósi krafna um rekjanleika í virðiskeðjunni og gagnsæi. Rætt verður um rekjanleikakerfi í matvælavinnslunni innan fyrirtækja og hvernig upplýsingar eru notaðar til að upplýsa um ferð fisksins sem afurð frá veiðum til vinnslu og áfram til verslana og neytenda. Hvernig Fiskistofa hefur tryggt gagnsæi og aðgengi að upplýsingum um íslenskar fiskveiðar og hvernig gagnsæi og rekjanleiki er til staðar í öðrum fiskveiðistjórnunarkerfum.

Í faghópnum eru þau Friðrik Friðriksson, Arnar Laxdal, Pamela Woods, Húnbogi S. Gunnþórsson og Elín B. Ragnarsdóttir


Vinnsla sjávarafurða

Tvær málstofur verða haldnar undir „Vinnslu sjávarafurða" og er umfjöllunarefnið nýting og vinnsla á mögulegum hliðarafurðum í og við vinnslu sjávarfangs, og þá umfjöllun um afurðir fluttar út frá Íslandi til samanburðar við hráefni flutt út til frekari vinnslu á erlendri grundu:

Hliðarstraumar
Óunnið úr landi

Málstofan „Óunnið úr landi" var unnin í samvinnu við faghóp „Markaðssetning, sala og dreifing" (sjá hér neðar).

Í faghópnum eru þeir Friðrik Guðmundsson, Jón Örn Stefánsson, Reynir Friðriksson & Sigurjón Arason.



Markaðssetning, sala og dreifing

Ein málstofa verður haldin um markaðssetningu, sölu og dreifingu sjávarafurða.

Sala, markaðssetning og dreifing sjávarafurða

Málstofan dregur upp mynd af stöðu og þróun helstu markaða fyrir íslenskar sjávarafurðir, með áherslu á breytingar í eftirspurn, neyslu og samkeppnisumhverfi í Norður-Ameríku og Asíu. Sérstaklega verður horft til þróunar í þorski og laxi, framboðs, verðs og markaðsaðstæðna og hvaða sviðsmyndir kunna að vera fram undan.

Í faghópnum eru þau Benedikt Bergmann Arason, Hlynur Guðjónsson, Kolbrún Sveinsdóttir og Kristinn Björnsson.

Mannauður, samskipti og rekstur

Ein málstofa verða haldin um mannauðsmál, samskipti og rekstur í sjávarútvegi.

Spilum við í sama liði? Ný kynslóð, aðrar áherslur og ímynd greinarinnar

Umræðan um sjávarútveg á Íslandi hefur lengi einkennst af ólíkum sjónarmiðum og ímynd greinarinnar hefur oft verið neikvæð, hvort sem vel gengur eða illa. Á sama tíma kallar samfélagið eftir auknu gagnsæi og ný kynslóð er að stíga inn í fyrirtækin. Getur ný kynslóð breytt ímynd sjávarútvegsins? Hvernig byggjum við upp traust, bæði innan greinarinnar og gagnvart samfélaginu? Spilum við í raun öll í sama liði?

Í þessari málstofu verður tekist á við þessi álitaefni og hvernig við getum byggt upp sterkari liðsheild innan greinarinnar og gagnvart samfélaginu.

Í faghópnum eru þau Alda Björk Óskarsdóttir, Anna Hedvig Þorsteinsdóttir, Bernharð Aðalsteinsson, Jóna Brynja Birkisdóttir og Kristján Ingimarsson

Stefnumótun, rannsóknir og umhverfismál

Tvær málstofur verða haldnar um stefnumótun, rannsóknir og umhverfismál í sjávarútvegi: Að stækka kökuna – Rannsóknir sem drifkraftur nýrra verðmæta og Hugverk í sjávarútvegi – frá hugmynd til verðmæta.

Að stækka kökuna – Rannsóknir sem drifkraftur nýrra verðmæta

Hvernig tryggjum við að rannsóknir, nýsköpun og stefnumótun styðji áframhaldandi samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs? Hver er staða þekkingar í dag, hvaða verkefni eru að skila árangri og hvernig breytum við rannsóknum í raunverulegt virði fyrir atvinnugreinina, samfélagið og umhverfið?

Hugverk í sjávarútvegi – frá hugmynd til verðmæta

Efni málstofunnar snýr á einfaldan hátt að því hversu tengdir hugverkaiðnaðurinn og sjávarútvegurinn eru á Íslandi og hversu mikilvægu hlutverki þessar greinar hafa gegnt hver fyrir aðra í gegnum tíðina.

Í faghópnum eru þau Anna Kristín Daníelsdóttir, Christophe Pampoulie, Guðrún Svana Hilmarsdóttir, Guðjón Már Sigurðsson og Elías Mikael Vagn Siggeirsson

FLOWGEAR

Nýjung í botntrollsveiðum


Flow Gear flæðilengjan er nýjung í botnstrollsveiðum en hún er samansett úr mörgum aðskildum hálfhrings-plötum sem tengjast saman í eina lengju.


Lögun flæðilengjunnar gerir það að verkum að þegar hún er dregin eftir botninum lyftir hún sjónum upp og aftur yfir lengjuna og beinir straumnum meira inn að miðju vegna bogans sem er á lengjunni.

Þegar sjórinn flæðir yfir lengjuna eykst þrýstingurinn og þar með hraði straumsins sem ber fiskinn inn í trollið.

Þegar stakar einingar lenda á fyrirstöðu snúast þær auðveldlega um fótreypiskeðjuna og fara þannig yfir fyrirstöðuna á meðan aðrar plötur halda lögun sinni.

Þessi virkni lengjunnar skilar aukinni veiðigetu.








- Sterkt straumflæði yfir flæðilengjuna lyftir fiski frá botni og ber hann inn í trollið
- Fer auðveldlega yfir hindranir
- Tekur minna pláss og er meðfærilegri á dekki
- Minna viðhald á trolli
- Aukin veiðigeta
- Allir hlutar flæðilengjunnar eru endurvinnanlegir

HAMPIÐJAN

- veiðarfæri eru okkar fag


BRIM
VENUS
VOPNAFJORDUR
VENUS NS 150
Róum í sömu átt



Sviflaldan

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM

Hvatningarverðlaunin eru veitt ungum fyrirtækjum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum fyrir nýbreytni og þróunarverkefni sem þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag sem talið er að muni treysta stoðir íslensks sjávarútvegs. Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals, verðlaunagripsins Sviföldunnar og aðgöngumiða á ráðstefnuna.

Markmiðið með þessum verðlaunum er að hvetja ungt fólk og frumkvöðla til að halda áfram að skapa nýjungar og vekja athygli á mikilvægi nýsköpunar í sjávarútvegi. Við viljum sjá fleiri hugmyndir verða að veruleika og stuðla að jákvæðum breytingum í greininni.

Margar flottar tilnefningar bárust í ár en valnefnd hefur lokið störfum og valið þrjú fyrirtæki sem þykja hafa skarað fram úr.



Marimedx
Íslensk nýsköpun úr hafinu

Marimedx - Húðendurnýjun sem á rætur að rekja til hafsins. Marimedx er íslenskt heilbrigðistæknifyrirtæki sem þróar lausnir fyrir sárameðferð og endurnýjun vefja með íslenska sjávarflóru að leiðarljósi. Fyrirtækið nýtir náttúrulega eiginleika þörunga úr hreinu hafsvæði Íslands og umbreytir þeim í lækningatæki sem ætlað er að styðja við gróanda og viðgerð vefja.

Með einkaleyfisvarinni affrumunartækni án efnanotkunar, nýtir Marimedx stórþörunga til framleiðslu Phytograft™ vefjastoðefni, með það að markmiði að varðveita náttúrulega byggingu og gagnleg efni sem eru nátturulega í þaranum. Lausnir fyrirtækisins eru þróaðar sem sjálfbær valkostur við hefðbundin efni til sárameðferðar og vefjaendurnýjunar.

Starf Marimedx sameinar líftækni, vísindi og ábyrgð gagnvart náttúrunni. Með áherslu á gæði, öryggi og hagkvæmni stefnir fyrirtækið að því að veita heilbrigðisstarfsfólki áreiðanleg verkfæri sem geta gagnast bæði sjúklingum og heilbrigðiskerfinu.



Nanna Lín
Nýsköpun í framleiðslu fiskileðurs

Nanna Lín er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki á Akureyri sem vinnur að þróun nýrrar tegundar fiskileðurs úr íslensku laxa- og þorskroði, sem fellur til sem hliðarafurð við fiskvinnslu. Nýsköpunin felst í að þróa aðferð til að endurmóta roðið í stórar, samfelldar breiður áður en það er sútað með náttúrulegum efnum, nánar tiltekið trjáberki.

Nanna Lín stefnir að því að framleiða slitsterkt og sveigjanlegt fiskileður í breiðum, í stað smárra leðurstykkja sem takmarka hefðbundna nýtingu fiskroðs. Lausnin mun auka hráefnisnýtingu, minnka sóun og skapa ný tækifæri til notkunar fiskileðurs í fata-, tísku- og textíliðnaði sem valkost við hefðbundið leður og gerviefni.

Verkefnið byggir á rannsóknum og vöruþróun í samstarfi við Háskólann á Akureyri og tengist doktorsrannsókn Maríu Dísar Ólafsdóttur, stofnanda fyrirtækisins. Þróunin er enn á tilraunastigi en frumgerðir hafa meðal annars verið nýttar í tískufatnað fyrir sýningar og birtingar í tímaritum.



Rauðátan ehf.
– þróun nýrrar auðlindanýtingar

Rauðátan ehf. er tilnefnd til Hvatningaverðlauna Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM 2026 fyrir framúrskarandi frumkvæði, nýsköpun og framtíðarsýn í þróun nýrrar auðlindanýtingar sem getur haft veruleg áhrif á verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi. Hörður Baldvinsson er frumkvöðull bak við fyrirtækið sem hefur verið leiðandi í rannsóknum og þróun veiða og vinnslu á rauðátu við Íslandsstrendur og lagt grunn að nýrri atvinnugrein sem byggir á sjálfbærri nýtingu áður vannýttrar auðlindar. Með markvissri uppbyggingu á þekkingu, samstarfi og tækniþróun hefur Rauðátan ehf. sýnt fram á raunhæfa möguleika til að skapa verðmætt hráefni fyrir fiskeldi, líftækni og aðra hátæknilega matvælaframleiðslu.

Verkefnið krafðist verulegrar frumkvöðlavinnu þar sem fyrirtækið aflaði fjármögnunar, byggði upp samstarf við innlenda og erlenda sérfræðinga og tryggði aðgang að sérhæfðum búnaði til rannsóknarveiða. Þessi vinna hefur skilað mikilvægum gögnum um útbreiðslu og nýtingarmöguleika rauðátu við Ísland.

Árangurinn er þegar orðinn sýnilegur. Niðurstöður rannsóknarveiða hafa meðal annars stutt við mat Hafrannsóknastofnunar á því að mögulegt sé að veiða allt að 59 þúsund tonn af rauðátu árlega við Íslandsstrendur. Þar með hefur skapast grundvöllur fyrir nýjan og arðbæran iðnað sem getur aukið fjölbreytni í íslenskum sjávarútvegi, styrkt samkeppnisstöðu fiskeldis og skapað umtalsverð útflutningsverðmæti.

Rauðátan ehf. er framúrskarandi dæmi um hvernig hugrekki, nýsköpun og þrautseigja geta opnað ný tækifæri í nýtingu auðlinda hafsins. Fyrirtækið hefur ekki einungis þróað nýja möguleika fyrir íslenskan sjávarútveg heldur einnig lagt grunn að atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun sem getur skilað samfélaginu verulegum ávinningi til framtíðar.

SJÁVARAFL

FLETTU Í GEGNUM BLAÐIÐ HÉR:

SKANNAÐU QR-KÓÐAN



SJÁVARÚTVEGRÁÐSTEFNAN 2026 Uppskeruhátíð sjávarútvegsins á Íslandi

Þar sem fólk, hugmyndir og framtíð mætast

ICELAND SEAFOOD



Iceland Seafood traustur samstarfsaðili

www.icelandseafood.com

Forskotið fylgir fiskinum! Auðlindin skapar tækifærin – reynsla, þekking og nýsköpun skapa forskotið

Silfurberg | Fimmtudagur | 10:00–12:00

Við kynnum með stolti Opnunarmálstofu Sjávarútvegsráðstefnunnar 2026. Undir yfirskriftinni, Forskotið fylgir fiskinum, verður fjallað um hvernig þekking, gæði og nýsköpun er nauðsynleg til að vinna alla daga að því að halda forskoti sjávarútvegsins í harðri alþjóðlegri samkeppni. Áskoranir í rekstrarumhverfi og alþjóðleg samkeppni kalla á að við skoðum hvernig vinna megi að því að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnishæfni greinarinnar.

Opnunarmálstofan setur tóninn fyrir ráðstefnuna með lifandi samtali um leiðina fram á við – þar sem sjónarmið stjórnvalda, atvinnulífs og virkt samspil við gesti ráðstefnunnar mætast.

Bergur Ebbi
Málstofustjóri

10:00 Opnunarávarp
Bergur Ebbi, rithöfundur og fyrirlesari.

10:10 Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM
Methúsalem Hilmarsson, TM.

10:25 Ávarp atvinnuvegaráðherra
Hanna Katrín Friðriksson, atvinnuvegaráðherra.

10:45 Forskot til hvers?
Eggert Benedikt Guðmundsson, Hafrannsóknarstofnun.

11:05 Hugleiðingar um útflutning á óunnum fiski
Sveinn Agnarsson, prófessor við Háskóla Íslands.

11:25 Umræður

The Right to negotiate for our Fish

Silfurberg A | Fimmtudagur | 13:00–14:45

We will go over who has the negotiating rights of coastal states over fish stocks that swim between jurisdictions and respect no borders. Which fish stocks are being negotiated, and can we say that any fish stock is purely Icelandic? The rules in play will be presented, as well as the situation for an organization which's stands within the EU and looks at the fisheries.

The panel will be in English

Friðrik Friðriksson
Málstofustjóri

13:00 Icelandic fisheries agreements and UNCLOS
Matthías Geir Pálsson, Utanríkisráðuneytið.

13:20 Samningar um makríl, uppsjávartegundir, hver er staðan hér?
Hrefna Karlsdóttir, Fisheries Iceland, SFS.

13:40 Hvaða fiskistofnar myndu teljast aðeins vera innan íslenskrar efnahagslögsögu
Pamela Woods, MRI.

14:00 EU fisheries and coastal state negotiations
Daniel Voces de Onaíndi, Europeche.

14:20 Panel Discussions

Að stækka kökuna – Rannsóknir sem drifkraftur nýrra verðmæta

Silfurberg B | Fimmtudagur | 13:00–14:45

Hvernig tryggjum við að rannsóknir, nýsköpun og stefnumótun styðji áframhaldandi samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs? Hver er staða þekkingar í dag, hvaða verkefni eru að skila árangri og hvernig breytum við rannsóknum í raunverulegt virði fyrir atvinnugreinina, samfélagið og umhverfið?.

Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Málstofustjóri

13:00 Samstarf – hvar stöndum við og hvert stefnum við?
Hildur Inga Sveinsdóttir, Matís og Háskóli Íslands.

13:15 Hvað þarf til að stækka kökuna til framtíðar?
Sveinn Margeirsson, Brim.

13:30 Frá rannsóknum til skráðra lækningavara á markaði. Hefur gervigreind mögulega breytt leiðinni?
Ágústa Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands.

13:45 Að varðveita verðmætin
Bragi Smith, iTub og Sæplast.

14:00 Sjávarútvegur og samfélag – samspil atvinnulífs og byggða
Stefán Þór Eysteinsson, MATÍS og Fjarðabyggð.

14:15 Umræður

TM



Hvatningarverðlaun 2026

Hver hlýtur viðurkenningu í ár?

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM eru veitt ungum fyrirtækjum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum fyrir nýbreytni og þróunarverkefni sem þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag sem talið er að muni treysta stoðir íslensks sjávarútvegs.

Verðlaunin verða veitt á Sjávarútvegs-ráðstefnunni sem haldin er í Hörpu 5. og 6. nóvember.

Óunnið úr landi?

Silfurberg A | Fimmtudagur | 15:15–17:00

Sífellt stærri hluti íslensks sjávarafla er fluttur úr landi sem hráefni til frekari vinnslu erlendis. Hvaða áhrif hefur það á verðmætasköpun, atvinnu, samkeppnishæfni og þjóðarbúið? Málstofan leiðir saman sérfræðinga úr atvinnulífi, stjórnsýslu og rannsóknum sem varpa ljósi á hvort Ísland sé að hámarka verðmæti auðlindarinnar eða hvort meiri tækifæri felist í aukinni vinnslu innanlands.

Lilja Sigurðardóttir
Málstofustjóri

15:15 **Hvar liggja verðmætin í auðlindinni okkar?**
Sigurjón Arason, Háskóli Íslands.

15:35 **Viljum við selja hráefni eða afurðir?**
Arnar Atlason, Tor Seafood ehf..

15:55 **Orðsporsáhætta og samkeppnishæfni vegna útflutnings á óunnum afla**
Gunnar Jónsson, SFS .

16:15 **Viðskiptasamningar og tollar – tækifæri fyrir íslenskar sjávarafurðir**
Sveinn K. Einarsson, Utanríkisráðuneytið.

16:35 **Umræður**

Spilum við í sama liði? – Ný kynslóð, ný forysta og ímynd greinarinnar

Silfurberg B | Fimmtudagur | 15:15–17:00

Ný kynslóð er að taka við í íslenskum sjávarútvegi. Nýtt fólk kemur inn með aðra menntun, ný sjónarmið og væntingar, á sama tíma og mikilvæg þekking og reynsla hefur byggst upp í greininni á áratugum. Hvernig fáum við þetta tvennt til að vinna saman og hvað breytist þegar ný kynslóð tekur við? Einnig þarf sjávarútvegurinn að ná til næstu kynslóðar og vera atvinnugrein sem ungt fólk sér framtíð sína í. Þrátt fyrir mikla þróun greinarinnar virðist enn vera bil á milli hennar og samfélagsins.

Sér ungt fólk þau tækifæri sem sjávarútvegurinn hefur upp á að bjóða og getur ný kynslóð hjálpað til við að breyta ímynd greinarinnar og styrkja tengsl hennar við samfélagið?

Í málstofunni mætast ólík sjónarhorn, frá ímynd og forystu til reynslu, nýrrar þekkingar og þeirrar hæfni sem þarf til framtíðar. Hvernig fáum við nýtt fólk inn, varðveitum það besta sem fyrir er og byggjum áfram á þeirri þekkingu sem hefur komið íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð?

Ingunn Agnes Kro
Málstofustjóri

15:15 **Ný kynslóð, ný ásýnd?**
Erla Ósk W. Pétursdóttir, Íslandsstofa og Andrés Jónsson, Góð samskipti.

15:35 **Að stíga ungur inn í leiðtogahlutverkið**
Gauti Geirsson, Háafell.

15:55 **Sömu mið – ný kynslóð. Tækifæri og áskoranir við kynslóðaskipti í sjávarútvegi**
Páll Snorrason, Eskja.

16:15 **Samstarfið sem kom íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð**
Halldór Þorkelsson, JBTMarel.

16:35 **Umræður**

Móttaka Arion banka

Silfurberg | Fimmtudagur | 17:00–18:30

Móttaka í boði Arion banka í Eyri á annarri hæð Hörpu, fyrir utan Silfurberg. Arion banki er einn af gullstyrktaraðilum Sjávarútvegsráðstefnunnar 2025.

Sjáumst á Sjávarútvegs-ráðstefnunni og spjöllum um framtíðina



jbtmarel.com



JBT Marel

Hliðarstraumar

Silfurberg A | Föstudagur | 10:00–11:45

Hvernig getum við aukið verðmæti íslenskra sjávarauðlinda með betri nýtingu vannýttra tegunda, hliðarafurða og nýrra nytjastofna – án þess að ganga of nærri vistkerfi hafsins? Málstofan leiðir saman fulltrúa atvinnulífs, vísinda og nýsköpunar sem fjalla um tækifæri, áskoranir og framtíðarsýn í sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda. Áhersla verður lögð á hvernig ný þekking, tækni og markaðir geta skapað aukin verðmæti fyrir íslenskt samfélag.

Árni Mathiesen
Málstofustjóri

10:00 **Kolmunni á disk: sóknarfæri í verðmætasköpun**
Sæmundur Elíasson, MATÍS.

10:20 **Vannýttar tegundir og hliðarafurðir**
Sindri Karl Sigurðsson, Síldarvinnslan.

10:40 **Frá fullnýtingu til snjallnýtingar: Næsta stig verðmætasköpunar úr hliðarstraumum**
Hörður G. Kristinsson, Sjálfstæður ráðgjafi.

11:00 **The BioProtect Marine Planner**
Oisín Callery, University of Galway.

11:20 **Umræður**

Hvað er verið að rekja?

Silfurberg B | Föstudagur | 10:00–11:45

Farið verður yfir kröfur um rekjanleika, gagnsæi og miðlun upplýsinga í virðiskeðju sjávarafurða. Rætt verður um rekjanleikakerfi og hvernig upplýsingar eru, eða geta verið, notaðar til að varpa ljósi á ferð fisksins sem afurðar frá veiðum til vinnslu og áfram til verslana og neytenda. Jafnframt verður fjallað um þátt Fiskistofu í að tryggja gagnsæi og aðgengi að upplýsingum og hvernig gagnsæi og rekjanleiki eru útfærð í öðrum fiskveiðistjórnunarkerfum á heimsvísu.

Húnbogi S. Gunnþórsson
Málstofustjóri

10:00 **Hvar verða gögnin til?**
Aðalheiður Hreinsdóttir, Learncove.

10:15 **Frá kröfu til samkeppnisforskots: Sönnum það sem við segjum um íslenskan fisk**
Arna McClure, Sea Thru.

10:35 **Gagnsæi í íslenskri fiskveiðistjórn**
Elín Björg Ragnarsdóttir, Fiskistofa.

10:55 **Transparency in a global context**
Eva van Heukelom, Natural Justice.

11:15 **Umræður**

Hugverk og hugverkaréttur í sjávarútvegi, lykill að árangri?

Silfurberg A | Föstudagur | 12:15–14:00

Undanfarna áratugi hefur íslenskur sjávarútvegur og tengd nýsköpun náð miklum árangri í því að umbreyta þekkingu, hugviti og hugverkum í útflutningsverðmæti. Sjávarafurðir hafa lengi verið þar í lykilhlutverki, en vægi og hlutverk hugverkadrifins útflutnings sem byggir á þekkingu innan sjávarútvegsins hefur aukist á undanförnum árum. Hvernig tryggjum við áframhaldandi árangur næstu áratugi á sama grunni? Eða þurfum við hugafarsbreytingu til að efla og viðhalda nýsköpunarhagkerfinu?

Elías Mikael Vagn Siggeirsson
Málstofustjóri

12:15 **Nýsköpunarhringrásin**
Ingunn Sigurpálsdóttir, Auðna.

12:20 **Haf, hugarfar og hugvit: Íslensk nýsköpunarhæfni í hnotskurn**
Úlfar Karl Arnórsson, JBT Marel.

12:30 **Tiger Teams: From Full Utilization to Global Champions**
Alexandra Leeper, Sjávarklasinn.


12:40 **Fjórar stoðir – eitt markmið: Samspil atvinnugreina í þágu aukins útflutnings**
Erla Tinna Stefánsdóttir, Samtök iðnaðarins.

12:50 **Nýsköpun sem drifkraftur verðmætasköpunar**
Þorsteinn Másson, SFS.

13:00 **Einkaleyfi sem sprottið hafa út íslenskum sjávarútvegi**
Borghildur Einarsdóttir, Hugverkastofa.

13:10 **Stofnandi / sprotafyrirtæki**
Sveinn Sigurður Jóhannesson, Greenfish.

13:20 **Umræður**



samskip



Frá íslenskum höfnum á alþjóðlega markaði.

ICELAND RESPONSIBLE FISHERIES
CERTIFIED

Ábyrgð í hafi, forskot á *markaði.*

Vertu í hópi fyrirtækja sem stunda ábyrgar fiskveiðar

responsiblefisheries.is

Sala, markaðssetning og dreifing sjávarafurða

Silfurberg B | Föstudagur | 12:15–14:00

Málstofan dregur upp mynd af stöðu og þróun helstu markaða fyrir íslenskar sjávarafurðir, með áherslu á breytingar í eftirspurn, neyslu og samkeppnisumhverfi í Norður-Ameríku og Asíu. Sérstaklega verður horft til þróunar í þorski og laxi, framboðs, verðs og markaðsaðstæðna og hvaða sviðsmyndir kunna að vera fram undan?

Rafn Árnason
Málstofustjóri

12:15 Opnun málstofu
Birgir Brynjólfsson, Antartica Advisors.

12:20 Winning in the US seafood market: What it takes for Icelandic fish to be chosen
Einar Gústafsson, Island West Capital LLC.

12:40 Staðan í Asíu
Agnes Guðmundsdóttir, Icelandic Japan, Managing Director.

13:00 Þorskurinn í þáttaskilum: Hver fær verðmætaaukninguna?
Anna Björk Theodórsdóttir, Oceans of Data.

13:20 Íslenskur lax og alþjóðlegir markaðsstrauma
Kári S. Friðriksson, Arion banki.

13:40 Umræður

Samantekt

Silfurberg A | Föstudagur | 14:15–15:15

Til að taka saman og loka ráðstefnunni í ár munu Bergur Ebbi, rithöfundur og fyrirlesari, og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitastjóri Dalvíkurbyggðar og fyrrverandi útgerðarmaður, sjá um að stýra lokamálstofunni. Þau hafa fylgst með öllu sem fram hefur komið á ráðstefnunni, hlustað á erindi, umræðu og sjónarmið þátttakenda og taka nú saman það helsta sem stendur upp úr.

Í málstofunni draga þau fram meginþemu, lærdóma og hugmyndir sem fram hafa komið á ráðstefnunni og leitast við að varpa ljósi á styrkleika og tækifæri íslensks sjávarútvegs. Hvar verðmætin og samkeppnishæfnin liggja og hvað þarf til að styrkja þá þætti? Samspil skapandi hugsunar og reynslu úr atvinnulífi og sveitastjórnarmálum gerir samtalið bæði létt og djúpt í senn, þar sem greining, gagnrýni og glettni fara hönd í hönd.

Þeim til halds og trausts verður valinkunnur hópur til að reifa málefnin. Gestir ráðstefnunnar fá jafnframt að taka þátt í umræðunni, því hér er ekki aðeins dregið saman, heldur horft fram á við með spurningunni:

Hvernig treystum við forskotið með það að markmiði að skapa meiri verðmæti og samkeppnishæfni að þessari ráðstefnu lokinni?

Bergur Ebbi og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Málstofustjórar

Happy Hour
Gleðistund í boði Ölgerðarinnar

Silfurberg A | Föstudagur | 15:15–16:15

Skálum fyrir Sjávarúvegsráðstefnunni 2026.



Traust net



Pipar\TBWA er ein stærsta auglýsingastofa landsins og hluti af TBWA, alþjóðlegri keðju sem telur yfir 300 auglýsingastofur um allan heim.

Við höfum því greiðan aðgang að sérfræðingum í hverri höfn og auðveldum íslenskum fyrirtækjum í sjávarútvegi sem öðrum geirum að ná markaðsárangri um öll heimsins höf.

pipar-tbwa.is

Auglýsingastofa ársins 3 ár í röð

Pipar\TBWA

Fyrr á ferðinni



Við komum þínum afurðum ferskum til neytenda

Með víðfeðmu leiðarkerfi, fagmennsku, hárri flugtíðni og hraða tryggjum við að íslenskar sjávarafurðir komist örugglega til neytenda um allan heim. Ferskar og í fullum gæðum.



OPNI HÁSKÓLINN í HR

Sérsniðnar fræðslu-lausnir fyrir fyrirtæki

Við hönnum fræðslu
í takt við ykkar þarfir.



Kannaðu möguleikana
nánar hér

Styrktaraðilar

Iceland Responsible Fisheries	Arion banki	Bacco Sea Products	Brim	Eimskip
Einhamar Ecological seafood from Iceland	Eskja	Fisk Seafood	Fiskistofa	Hampiðjan
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.	Iceland Seafood	Icelandair Cargo	iTUB	ISF Icelandic Sustainable Fisheries
Ísfélag	Íslandssaga	JBT Marel	LVFÞ	matís
Opni Háskólinn í HR	Pipar\TBWA	Samhentir	Samskip	SFS
SVN Síldarvinnslan hf	SÚ	TM	Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	Verkís
VSV Vestmannaeyjar Iceland	Vísir			
			Sjávarútvegsráðstefnan 2026	